

**Sp.**

## **630. Skýrsla**

um norrænt samstarf árið 1982.

Frá Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

### **1. STARFSHÆTTIR NORÐURLANDARÁÐS OG RÁÐHERRANEFNDAR NORÐURLANDA.**

#### **1. 1. Norðurlandaráð.**

Norðurlandaráð starfar á grundvelli Helsinkisamningsins, sem gerður var 1962. Með breytingu sáttmálans 1971 var stofnuð skrifstofa forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokk-  
hólmi og norræn ráðherranefnd, sem starfar í tengslum við ráðið. Á þeim 30 árum, sem liðin

eru frá stofnun Norðurlandaráðs, hefur starf þess þróast. Samkvæmt Helsinkisamningnum fer starf Norðurlandaráðs fram með beinum samskiptum milli þingmanna, ríkisstjórna og embættismanna, án milligöngu utanríkisþjónustu landanna eða annarra milliliða. Eins og kunnugt er, er hlutverk Norðurlandaráðs að hafa frumkvæði og vera ráðgefandi í þeim málum þjóðlífsins, þar sem henta þykir að hafa sameiginlega norræna stefnu eða samræmda löggjöf, og í málum, þar sem hagræði er að því að nýta sameiginlega upplýsingamiðlun og starfskrafta til þess að þoka málum fram til góðs fyrir löndin.

Aðalstarfsvettvangur Norðurlandaráðs eru þing þess, sem að jafnaði eru haldin einu sinni á ári. Þar eiga sæti 78 þingmenn, til þess kjörnir, og ríkisstjórnarfulltrúar, svo margir frá hverju landi sem hver ríkisstjórn kýs úr sínum hópi. Auk þess eiga þar sæti fulltrúar fyrir landsstjórnir Færeyja og Álandseyja. Hinir kjörnu fulltrúar skiptast svo sem hér segir milli landanna: Þjóðþing Danmerkur kýs 16 fulltrúa, Ríkisþing Finnlands 17 fulltrúa, Alþingi Íslendinga 6 fulltrúa, Stórþing Noregs og Ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 18 fulltrúa, Lögþing Færeyja kýs tvo fulltrúa og Landsþing Álandseyja einn fulltrúa. Auk þess kýs hver aðili jafnmarga varamenn.

Á þingum Norðurlandaráðs eru það aðeins hinir kjörnu fulltrúar, sem hafa tillögurétt, málfrelsi og atkvæðisrétt. Ráðherrar hafa þar einungis tillögurétt og málfrelsi, en atkvæðisrétt hafa þeir ekki.

Á milli þinganna starfa hinir 78 þingmenn í 5 fastanefndum auk forsætisnefndar, fjárlaganefndar og upplýsinganefndar. Framkvæmdastjóri aðalskrifstofu forsætisnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi var fram til hausts 1982 Guðmund Saxrud, en þá tók við starfinu Ilkka-Christian Björklund. Auk þess hafa landsdeildirnar sérstakar skrifstofur. Hér á landi hefur Friðjón Sigurðsson skrifstofustjóri Alþingis verið framkvæmdastjóri skrifstofu Íslandsdeildar Norðurlandaráðs. Rétt fyrir árslok 1982 var ráðin við skrifstofuna Snjólaug Ólafsdóttir til að gegna starfi ritara Íslandsdeildar Norðurlandaráðs.

## **1. 2. Ráðherranefnd Norðurlanda.**

Í ráðherranefnd Norðurlanda starfa ríkisstjórnir landanna saman. Samstarfsráðherrarnir, sem svo eru nefndir, einn í hverri ríkisstjórn, hafa með höndum samræmingu norrænna samstarfsmála. Sá ráðherra íslenskur, sem fer með norræn samstarfsmál, er Friðjón Þórðarson dóms- og kirkjumálaráðherra. Hinn íslenski ritari samstarfsnefndarinnar er Guðmundur Benediktsson ráðuneytisstjóri. Ráðherrar á Norðurlöndum, sem fjalla um sömu málaflokka, halda með sér fundi, stundum ásamt tilsvarendi nefndum Norðurlandaráðs. Einnig starfa á vegum ráðherranefndarinnar margar embættismannanefndir.

Ráðherranefndin hefur m. a. það hlutverk að framkvæma ályktanir Norðurlandaráðs og gefur þingum þess árlega skýrslu um störf sín og þeirra norrænu stofnana sem starfa í tengslum við ráðherranefnd og Norðurlandaráð. Ráðherranefndin getur lagt fram tillögur sem þing Norðurlandaráðs fjallar um.

Á vegum ráðherranefndarinnar eru tvær skrifstofur, sem starfa allt árið. Ráðherranefndin hefur aðalskrifstofu í Osló. Framkvæmdastjóri hennar er Ragnar Sohlman. Menningarmálaskrifstofa ráðherranefndarinnar er í Kaupmannahöfn. Framkvæmdastjóri hennar er Halvdan Skard.

## 2. STÖRF NORÐURLANDARÁÐS.

### 2. 1. Íslandsdeild Norðurlandaráðs.

Í desember 1981 fór fram í sameinuðu Alþingi kosning fulltrúa í Íslandsdeild Norðurlandaráðs. Gildir kosningin þar til ný kosning hefur farið fram á næsta reglulegu Alþingi. Þessir þingmenn hlutu kosningu: Eiður Guðnason, Halldór Ásgrímsson, Matthías Á. Mathiesen, Páll Pétursson, Stefán Jónsson og Sverrir Hermannsson. Varamenn voru kjörnir Árni Gunnarsson, Davíð Aðalsteinsson, Geir Hallgrímsson, Guðmundur Bjarnason, Guðrún Helgadóttir og Pétur Sigurðsson.

Verkefnum var skipt þannig að Halldór Ásgrímsson var kjörinn formaður Íslandsdeildar og tók sæti í forsætisnefnd og laganefnd ráðsins. Varamaður hans í forsætisnefnd var kjörinn Matthías Á. Mathiesen. Í menningarmálanefnd, upplýsinganefnd og fjárlaganefnd var kjörinn Eiður Guðnason, í efnahagsmálanefnd voru kjörnir Matthías Á. Mathiesen og Páll Pétursson, sem jafnframt var kjörinn í fjárlaganefnd. Í félags- og umhverfismálanefnd var kjörinn Sverrir Hermannsson og í samgöngumálanefnd Stefán Jónsson, sem jafnframt var kjörinn í upplýsinganefnd.

### 2. 2. Forsætisnefndin.

#### 2. 2. 1. Breytingar á þingsköpum Norðurlandaráðs.

Á 30. þingi Norðurlandaráðs, sem haldið var í Helsinki dagana 1. til 5. mars 1982, var þingsköpum ráðsins breytt til samræmis við þingmannatillögu frá forsetum Norðurlandaráðs þess efnis, að fyrirspurn til ráðherranefndar eða ráðherra mætti leggja fram á þingi því sem fyrirspurninni skyldi svarað á, þó seinast sólarhring fyrir upphaf þess fundar þar sem henni skyldi svarað. Áður þurftu samkvæmt þingsköpum ráðsins allar fyrirspurnir til ráðherranefndar eða ráðherra að sendast til skrifstofu forsætisnefndar þremur vikum fyrir upphaf þings.

Þessi nýbreytni, sem komið var á til reynslu, komst til framkvæmda þegar á 30. þinginu. Hún þótti reynast vel og má því ætla að hún eigi sér lengri lífdaga. Þær fyrirspurnir, sem fram eru lagðar þremur vikum fyrir upphaf þings, hafa þó þann kost fram yfir áður nefndar fyrirspurnir, að svör með þeim eiga að vera fyllri og í öllum tilvikum eiga svörin að bera með sér vilja ráðherranefndarinnar allrar, sé fyrirspurn beint til hennar, fremur en vilja þess ráðherra eins sem svarar.

#### 2. 2. 2. Aðild Grænlands, Færeyja og Álandseyja að Norðurlandaráði.

Haustið 1980 ákváðu forsætisnefnd Norðurlandaráðs og forsætisráðherrar Norðurlanda í sameiningu að setja á stofn nefnd til könnunar á hvernig aðild Álandseyja, Færeyja og Grænlands að Norðurlandaráði skyldi háttáð framvegis. Í nefndina, sem kölluð hefur verið Petrinefndin eftir formanni nefndarinnar, Carl Axel Petri, voru kjörnir forsetar Norðurlandaráðs, menningarmálaráðherra Danmerkur og dómsmálaráðherrar Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar. Af Íslands hálfu áttu Friðjón Þórðarson, Matthías Á. Mathiesen og síðar Halldór Ásgrímsson sæti í nefndinni. Hún lagði fram tillögu sína, sem gefin var út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs (NU 1982:6) haustið 1982.

Færeyingar og Grænendingar skyldu fá tvo fulltrúa hvorir í Norðurlandaráð, en nú eiga Álendingar einn fulltrúa, Færeyingar tvo, en Grænendingar engan. Þess ber þó að geta, að í Norðurlandaráði situr nú einn Grænendingur sem fulltrúi þjóðþings Danmerkur.

Fulltrúar Íslands og Danmerkur í Petrinefndinni vildu ganga skrefi lengra en meiri hluti nefndarinnar og veita Álendingum, Færeyingum og Grænendingum heimild til stofnunar eigin landsdeilda í ráðinu án annarra takmarkana en þeirra, er beinlínis leiðir af því, að þjóðir þessar hafa ekki fullt sjálfstæði. Petrinefndin leggur auk þess til, að kjörnum fulltrúum Norðurlandaráðs verði fjölgað úr 78 í 87 og að Þjóðþing Danmerkur kjósi 16 þeirra, en það er sami fjöldi og nú, Ríkisþing Finnlands 18 í stað 17 áður, Alþingi Íslendinga 7 í stað 6 áður, Stórþing Noregs og Ríkisþing Svíþjóðar hvort um sig 20 í stað 18 áður.

Tillögu Petrinefndarinnar var vísað til laganefndar Norðurlandaráðs ásamt þingmannatillögu þeirri, er forsetar Norðurlandaráðs lögðu fram, um samræmingu á þingsköpum ráðsins við tillögu Petrinefndarinnar. Niðurstaða laganefndar varð sú, að fyrirvari Dana og Íslendinga var í meginatriðum tekinn til greina. Þess er að vænta, að breyting á Helsinkisamningnum, sem hafi í för með sér gildistöku breytinganna, verði undirrituð á miðju ári 1983.

### 2. 2. 3. *Breytingar á meðferð fjárlaga ráðherranefndar Norðurlandaráðs.*

Það hefur lengi verið almenn skoðun í Norðurlandaráði, að áhrif ráðsins á fjárlög ráðherranefndar væru minni en ástæða væri til. Því var að frumkvæði fjárlaganefndar ráðsins tilnefndur í desember 1981 vinnuhópur, sem í átta sæti fulltrúar bæði Norðurlandaráðs og ráðherranefndar. Í apríl 1982 lagði vinnuhópurinn fram tillögu með þremur valkostum um það, hvernig auka mætti áhrif ráðsins á meðferð hinna almennu fjárlaga ráðherranefndarinnar. Sá kostur, sem fyrir valinu varð eftir að Íslandsdeild og landsdeildir hinna Norðurlandanna höfðu fjallað um málið, kom til framkvæmda þegar haustið 1982 við meðferð ráðsins á fjárlögum ársins 1984.

Norræna ráðherranefndin — menningar- og menntamálaráðherrar — ákvað haustið 1982 að breyta meðferð norrænu menningarmálagjafárlaganna til samræmis við meðferð almennu fjárlaganna.

Í þessari nýbreytni felst, að ráðherranefndin tekur ekki endanlega afstöðu til fjárlaga ársins 1984 fyrr en eftir umræður og atkvæðagreiðslu um þau á 31. þingi ráðsins í Osló 1983. Eru bundnar vonir við, að fjárlagaumræður á þinginu geti stuðlað að auknum áhrifum þingmanna Norðurlandaráðs á fjárlagameðferðina og jafnframt beint umræðum á Norðurlandaráðsþingum í ríkara mæli inn á brautir sem snerta samstarfið og langtímamarkmið þess.

Tillaga ráðherranefndar um fjárlög fyrir árið 1984 er að upphæð 274.3 milljónir norskra króna. Er þetta hækkun um tæpar 13 milljónir norskra króna frá árinu 1983.

### 2. 2. 4. *Könnun á starfsháttum og skipulagi Norðurlandaráðs.*

Haustið 1980 var að frumkvæði Matthíasar Á. Mathiesen, sem þá var forseti Norðurlandaráðs, framkvæmdastjórum landsdeilda ráðsins ásamt framkvæmdastjóra forsætisnefndar falið að gera könnun á starfsháttum og skipulagi forsætisnefndarskrifstofunnar. Skýrsla var lögð fram í ársbyrjun 1983.

Á fundi forsætisráðherra Norðurlanda í desember 1981 kom fram sú hugmynd, að rétt væri að kanna hvort endurskoða þyrfti starfshætti og skipulag Norðurlandaráðs. Því var ákveðið á sameiginlegum fundi forsætisráðherra og forsætisnefndar ráðsins, sem haldinn var 30. nóvember 1982, að skipa nefnd til að kanna málið og leggja fram tillögur til úrbóta, ef nefndin teldi þess þörf. Þörfin á bættum samskiptum milli Norðurlandaráðs og ráðherranefndar annars vegar og stofnana, yfirvalda, launþegasamtaka og samtaka vinnuveitenda hins vegar skyldi jafnframt rædd af nefndinni.

Af Íslands hálfu á Matthías Á. Mathiesen sæti í nefnd þessari. Henni ber að skila álitu eigi síðar en í lok árs 1983.

2. 2. 5. *Vægi stjórnmalastefna við kjör í forsætisnefnd og til formennsku í nefndum Norðurlandaráðs.*

Í Helsinkisáttmálanum er kveðið svo á, að mismunandi stjórnmalastefnur skuli eiga fulltrúa í ráðinu. Álit Fagerholmnefndarinnar, sem lagði fram nefndarálit sitt árið 1969, var, að ráðið skyldi enn fremur endurspeglar styrkleikahlutföll flokkanna á þjóðþingunum.

Á undanförunum árum hefur það oft verið á talið, að þess væri ekki gætt við formannskjör í nefndum ráðsins, að þetta jafnvægi við styrkleikahlutföll flokkanna á þjóðþingunum héldist. Því var það, að forsætisnefnd lagði fram í upphafi árs 1982 tillögu um kjör í trúnaðarstöður ráðsins þar sem bæði var tekið tillit til þjóðernis og stjórnmalastefna. Íslandsdeild Norðurlandaráðs hefur ekki trú á því, að skipting Norðurlandaráðs eftir flokkslínum yrði starfi þess til framdráttar, en eigi að síður hefur þróunin beinst á þær brautir.

2. 2. 6. *Scandinavia Today.*

Sýningin Scandinavia Today var opnuð í september 1982 í Washington, New York og Minneapolis. Fulltrúi Norðurlandþjóðanna við opnun sýningarinnar var Vigdís Finnboga-dóttir forseti Íslands og fulltrúi Norðurlandaráðs Elsi Hetemäki-Olander, forseti ráðsins. Í tengslum við sýninguna eru haldnar sex stórar norrænar listsýningar og fjölmargir hljómléikar, kvikmyndasýningar og fyrirlestrar. Sýningin Scandinavia Today mun verða flutt milli fjölmargra stórborga í Bandaríkjunum og henni lýkur ekki fyrr en haustið 1983.

Til Scandinavia Today voru veittar 6 millj. danskra króna af menningarmálafjárlögum Norðurlandaráðs. Aðrir aðilar á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum lögðu einnig fram fjármagn til sýningarinnar.

2. 2. 7. *Norræna umferðaröryggisárið 1983.*

Að tillögu Norðurlandaráðs ákvað Norræna ráðherranefndin á 29. þingi ráðsins árið 1981 að árið 1983 skyldi verða helgað auknu umferðaröryggi á Norðurlöndum.

Undirbúningsnefnd var sett á stofn á vordögum 1981, strax að þingi Norðurlandaráðs loknu. Í henni eiga sæti bæði fulltrúar Norðurlandaráðs og ráðherranefndar. Af Íslands hálfu eiga Stefán Jónsson alþingismaður, Ólafur W. Stefánsson skrifstofustjóri og Óli H. Þórðarson framkvæmdastjóri Umferðarráðs sæti í nefndinni. Þeir eiga einnig sæti í nefnd þeirri, sem sett var á stofn á Íslandi til að fylgjast með undirbúningi og framkvæmd umferðaröryggisársins. Fyrir árið 1982 samþykkti Alþingi 100 000 króna aukafjárveitingu vegna umferðaröryggisársins og fyrir árið 1983 800 000 króna aukafjárveitingu af sama tilefni.

2. 2. 8. *Fundir forsætisnefndar ráðsins með samstarfsráðherrum og forsætisráðherrum Norðurlanda.*

Árið 1982 hélt forsætisnefnd tvo fundi með Norrænu ráðherranefndinni — samstarfsráðherrunum — og einn fund með forsætisráðherrum Norðurlanda. Á fundum forsætisnefndarinnar með ráðherranefndinni voru meðal annars rædd markmið samstarfsins, leiðir til að auka áhrif samþykktar ráðsins, efnahagssamvinna milli Norðurlanda ásamt aðild Grænlands að Norðurlandaráði.

Fundir forsætisnefndar og forsætisráðherra eru lokaðir og umræður þeirra funda ekki opinberar.

### 2. 3. Þingmannatillögur og ríkisstjórnatillögur.

Á 30. þingi Norðurlandaráðs lágu fyrir 34 nýjar tillögur. Af þeim voru 26 tillögur frá þingmönnum sem sæti eiga í ráðinu og 8 voru ríkisstjórnatillögur. Af tillögum leiddu um 60% eða 21 þeirra til þess, að ráðið samþykkti tilmæli um aðgerðir til ráðherranefndar eða ríkisstjórna landanna. Ráðið afskrifaði 8 tillögur, en ein ríkisstjórnatillaga var afturkölluð. Tvær þingmannatillögur og tvær ríkisstjórnatillögur fengu ekki fullnaðarafgreiðslu og var vísað aftur til nefndar að þingi loknu.

Við upphaf 31. þings Norðurlandaráðs lágu fyrir ráðinu 43 tillögur og voru 37 þeirra þingmannatillögur og 6 frá norrænu ráðherranefndinni eða ríkisstjórnunum. Af þessum tillögum hafa 12 verið til meðferðar hjá tveimur eða fleiri nefndum ráðsins.

### 2. 4. Málafni fastanefnda Norðurlandaráðs.

#### 2. 4. 1. Laganefnd.

Síðan á 30. þingi Norðurlandaráðs hafa tvö mál verið í brennidepli hjá laganefnd. Þau eru annars vegar þingmannatillaga og ríkisstjórnatillaga um aðild Álandseyja, Færeyja og Grænlands að Norðurlandaráði, en þeim var vísað til laganefndar ásamt nefndarálitum Petrinefndarinnar, eins og fram kemur í kafla 2. 2. 2. hér að framan, og hins vegar ráðstefna sú, er Norðurlandaráð hélt vorið 1982 um sífjarétt á Norðurlöndum. Lögð var rík áhersla á það í laganefnd að samstaða næðist um afstöðu til aðildar Álandseyja, Færeyja og Grænlands. Þrátt fyrir það að samstaða hefði ekki náðst í Petrinefndinni, eins og áður getur, tókst laganefnd að ná samstöðu um nefndarálit sitt um aðild sjálfstjórnarsvæðanna þriggja að Norðurlandaráði.

Til ráðstefnunnar um sífjarétt á Norðurlöndum komu vísindamenn, embættismenn, forsvarsmenn félagasamtaka á sviði sífjaréttar, ásamt stjórnmalamönnum frá öllum Norðurlöndum. Talið er, að ráðstefnan hafi varpað nokkru ljósi á þá þróun, sem orðið hefur á sviði sífjaréttar á Norðurlöndum, og á það, hverjir möguleikar eru á nánari norrænni samvinnu og lagasamræmingu á sviði sífjaréttar á næstu árum. Skýrsla frá ráðstefnunni var gefin út í tímaritaflokki Norðurlandaráðs (NU 1982:5) og nefnist hún „Famelieret i Norden“.

#### 2. 4. 2. Menningarmálanefnd.

Það mál, sem á árinu 1982 hefur borið einna hæst hjá menningarmálanefnd, er þingmannatillaga um menningarmálasamstarfið næsta áratug (A611/k) og ríkisstjórnatillaga um sama efni (B 37/k). Markmið þingmannatillögunnar var að veita norrænum félagasamtökum og almenningsamtökum aukinn stuðning.

Af öðrum tillögum, sem menningarmálanefnd fjallaði um á árinu 1982, ber að nefna þingmannatillögu um samnorrænar heimskautarannsóknir (A619/k), þingmannatillögu um norrænar kvikmyndir og sjónvarpsefni á myndböndum (A625/k) og þingmannatillögu um samvinnu um móttöku á sjónvarpssendingum (A635/k).

Menningarmálanefnd hélt tvo fundi með norrænu ráðherranefndinni á árinu 1982.

Á fyrra fundinum voru rædd menningarmálafjárlög ársins 1983. Menningarmálanefnd benti þar meðal annars á þau vandamál, sem skapast vegna þess að stærstum hluta fjárlaganna er varið til að kosta starfsemi norrænna stofnana á menningar- og menntamálasviðinu. Því er einungis unnt að verja litlum hluta fjárlaganna til verkefna sem til falla með stuttum fyrirvara, t. d. vegna tilmæla frá Norðurlandaráði.

Á síðari fundinum var fyrirhugað menningarmálasamstarf árið 1984 rætt ásamt fjárlögum þess árs.

#### 2. 4. 3. Félags- og umhverfismálanefnd.

Félags- og umhverfismálanefnd fjallaði á árinu 1982 meðal annars um þingmannatillögu um samvinnu um sólarlandaferðir í lækningaskyni fyrir psoriasisjúklinga (A 618/s) og um þingmannatillögu um samstarf á sviði orkumála og umhverfisrannsókna (A 626/s).

Félags- og umhverfismálanefnd hélt einn fund með norrænu ráðherranefndinni — umhverfismálaráðherrum — á árinu og var hann haldinn á Álandseyjum í nóvember. Á þeim fundi var fjallað um ráðherranefndartillögu um samstarf á sviði umhverfisverndar.

Sérfræðingar í jafnréttismálum, umhverfisverndarmálum ásamt sérfræðingum, sem fjalla um bætt starfsskilyrði á vinnustöðum, hafa verið nefndinni til ráðuneytis á nefndarfundum á árinu 1982.

Á vegum nefndarinnar hafa starfað á árinu 1982 þrjú vinnuhópar, einn um umhverfismál, annar um vinnutíma og aðbúnað á vinnustöðum og sá þriðji um mál það, er nefnt hefur verið norrænn borgararéttur (Nordiskt medborgarskap). Það, sem liggur að baki hins svokallaða norræna borgararéttar, er ósk um að Norðurlandabúar geti, að svo miklu leyti sem mögulegt er, notið sömu lýðréttinda um öll Norðurlönd. Jafnframt liggur að baki ósk um að auðvelda þeim, sem vilja flytja milli landanna, þann flutning eftir því sem kostur er.

#### 2. 4. 4. Samgöngumálanefnd.

Samgöngumálanefnd lagði á árinu 1982 mikla rækt við undirbúning norræna umferðaröryggisársins 1983. Forsætisnefnd ráðsins kaus fimm nefndarmenn úr samgöngumálanefnd, einn frá hverju landi, til setu í undirbúningsnefnd umferðaröryggisársins, fyrir hönd Norðurlandaráðs. Gerðar hafa verið áætlanir um ráðstefnuhald í tilefni af umferðaröryggisárinu víðs vegar um Norðurlönd. Þar verður m. a. fjallað um öryggi hjólreiðarmanna, áfengi í umferðinni og börn í umferðinni. Framleitt hefur verið sameiginlegt sjónvarpsfni um umferðarmál, og tekist hafa samningar við sjónvarpsstöðvar um flutning þess á árinu 1983. Einnig hafa verið gefnir út kynningarbæklingar og samvinnu komið á við stofnanir og samtök áhugafólks um umferðarmál um aukið öryggi í umferðinni.

Á vegum nefndarinnar starfar vinnuhópur, sem hefur það hlutverk að leggja fram tillögu um starfsvettvang nefndarinnar næsta áratug. Er búist við, að mun meiri áhersla verði lögð á fjarskipti en hingað til.

Af þeim fulltrúatillögum, sem nefndin fjallaði um á árinu 1982, má nefna þingmannatillögu (A 621/t) um samræmingu á skilyrðum fyrir afslætti á fargjaldi almenningsfarartækja, þingmannatillögu (A 623/t) um samnorræna reiknistofnun fyrir veðurspár, þingmannatillögu um aðgerðir til að auka notkun bílbelta í aftursæti bifreiða (A 636/t) og um orkusparnað á samgöngusviðinu (A 648/t).

Nefndin hefur á árinu 1982 eins og undanfarin ár lagt ríka áherslu á þörfina á bættum samgöngum bæði í lofti og á legi milli Grænlands, Færeyja, Íslands og annarra Norðurlanda og ræddi þau mál á fundi sínum með Norrænu ráðherranefndinni — samgönguráðherrum — á Álandseyjum í nóvember 1982.

#### 2.4.5. Efnahagsmálanefnd.

Rík áhersla var á árinu 1982 lögð á að styrkja samvinnu á sviði gjaldeyrismála, viðskiptamála, iðnaðar- og orkumála. Kom þetta m. a. fram í þingmannatillögu (A 629/e) um stefnumótun í iðnaðar- og byggðamálum, þar sem tekið væri tillit til orkumála- og umhverfisvarnarsjónarmiða. Hæst ber þó atvinnumálin og umræður um það, hvernig minnka mætti atvinnuleysi og þá fyrst og fremst hjá ungu kynslóðinni. Nefndin ræddi þessi vandamál á fundi sínum með norrænu ráðherranefndinni — fjármálaráðherrunum — í nóvember á Álandseyjum.

Á árinu 1982 fjallaði nefndin um níu þingmannatillögur og þrjár ráðherranefndartil-  
lögur. Í þremur þingmannatillögum (nr. A 645/e, A 651/e og A 653/e) er fjallað um  
efnahagsástandið í heiminum og á Norðurlöndum. Efnahagsmálanefndin samþykkti sam-  
eiginlegt nefndarálit um þessar þrjár tillögur. Tillögurnar voru lagðar fram sín frá hverjum  
hópi stjórnmalaflokka, hægri flokkum, miðflokkum og jafnaðarmannaflokkum. Þessar  
tillögur — og meðferð þeirra — eru taldar verða í mörgu stefnumótandi fyrir efna-  
hagssamstarf Norðurlanda á næstu árum. Nefndin fjallaði um tvær tillögur um norræna  
samvinnu á tölvutækni sviði. Önnur var þingmannatillaga (A 649/e) og hin ríkisstjórnatillaga  
(B 44/e).

Efnahagsmálanefndin er sú nefnd ráðsins, sem fylgist með starfsemi Norræna fjárfest-  
ingarbankans. Fyrir nefndina var á árinu 1982 lögð fram til umsagnar ríkisstjórnartillaga um  
aukningu stofnfjár bankans (B 43/e) úr 400 milljónum SDR í 800 milljónir SDR. Nefndin  
studdi tillögu þessa.